

Reykjanesbær

Eva Stefánsdóttir

Formaður Íþrótt- og tómstundaráðs Reykjanesbæjar

Reykjanesbær, 20. Ágúst 2021

Skipulag á framtíðaraðstöðu UMFN við Afreksbraut

Með bréfi þessu vill Ungmennafélag Njarðvíkur minna á afstöðu sína varðandi framtíðaraðstöðu félagsins við Afreksbraut.

Á sama tíma og við fögnum því að fá nýtt glæsilegt hús við Stapaskóla þá viljum við sjá framgang í verki við uppbyggingu svæðisins við Afreksbraut.

Eins og oft hefur komið fram þá er aðstaðan fyrir Knattspyrnudeildina alls ekki viðunandi. Fulltrúar Íþrótt- og tómstundaráðs heimsóttu aðstöðu UMFN við Afreksbraut í maí sl. þar sem aðstaðan var tekin út, farið yfir það sem þarf að bæta og framtíðarsýn UMFN kynnt.

Mikill vöxtur hefur verið í knattspyrnudeildinni og nú er staðan sú að aðkomuliðum yngri flokka stendur oft ekki til boða búningsklefi til afnota.

Ungmennafélag Njarðvíkur ítrekar mikilvægi þess að bæta aðstöðu félagsins og óskar eftir því að farið verði sem fyrst í skipulagningu á 1. áfanga nýs húsnæðis við Afreksbraut.

Sem fyrr er félagið ávallt tilbúið að taka þátt í samvinnu og samtali.

Með vinsemd og virðingu

F.h. Ungmennafélags Njarðvíkur

Ólafur Eyjólfsson, formaður
Hámundur Örn Helgason, framkvæmdastjóri